

Ed.

893. Frumvarp til laga

[209. mál]

um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 248 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, þannig:

A. Af hálfu fiskseljenda:

- 2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

- 1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kys sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskseljenda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Heimilt er þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði eftir því sem rétt þykir til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem best fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg störf eftir því sem þörf krefur.

3. gr. hljóðar svo:

Fiskideild. Þegar ákveða skal verð á sjávarafla, öðrum en þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafla, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S.Í.S. í Verðlagsráði og má hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt 2. mgr.;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.